



ÚTLENDINGASTOFNUN

Ársskýrsla 2014

Inngangur

Ársskýrsla Útlendingastofnunar 2014 er eingöngu birt með rafrænum hætti og verður aðgengileg ásamt fyrri ársskýrslum stofnunarinnar á www.utl.is. Ársskýrslan er sett fram til að gefa raunsanna mynd af starfsemi ársins 2014. Þannig er skýrslan ætluð sem tæki við stefnumótun stofnunarinnar. Markmiðið verður ávallt að efla þjónustu við viðskiptavinum og að þeir fái vandaða og faglega meðferð á erindum sínum.

Innanríkisráðherra fer með yfirstjórn útlendingamála samkvæmt lögum nr. 96/2002 um útlendinga. Ráðuneytið setur þær reglur sem Útlendingastofnun starfar eftir og gilda um heimild útlendinga til að koma til landsins og dveljast hér á landi, sbr. reglugerð nr. 53/2003 um útlendinga. Flestar ákvarðanir Útlendingastofnunar voru kærarlegar til innanríkisráðuneytisins fram til 31. desember 2014 en eftir það tímamark hóf kærufnd útlendingamála störf og tekur nú við flestum kærum. Um ákvarðanatöku stofnunarinnar gilda lög nr. 96/2002 um útlendinga, stjórnarsýslulög nr. 37/1993 auk ýmissa staðfesta alþjóðasamninga ofl. Í fyrstu köflum skýrslunnar verður farið yfir fjárheimildir og rekstrargrundvöll stofnunarinnar og í kjölfarið verður fjallað um fjölda umsókna á árinu og hvernig afgreiðslu þeirra var háttað.

Ávarp forstjóra

Starfsárið 2014 var merkilegt fyrir þær sakir að jákvæðar og áhrifamiklar breytingar áttu sér stað á starfsumhverfi stofnunarinnar. Þess ber fyrst að geta að ákveðið var að taka upp hugmyndafræði straumlínustjórnunar (LEAN) við endurskoðun verkferla og boðleiða hjá stofnuninni. Árangur kom fljótlega í ljós á þeim sviðum þar sem þessi hugmyndafræði var nýtt og ber þar hæst að afgreiðslutími umsókna um ríkisborgararétt lækkaði úr 16 til 17 mánuðum í sjö til níu mánuði. Þá voru gerðar breytingar á formi og efni skjalakrafna vegna dvalarleyfisumsókna sem skilaði sér í færri endursendingum umsókna og þar með styttri málsmeðferðartíma á því sviði. Verkferlar á sviði hælismála voru yfirfarnir með hugmyndafræði straumlínustjórnunar að leiðarljósi og þegar hefur verið hafist handa við að gera breytingar á þeim verkferlum og uppbyggingu ákvarðana með ötulli aðstoð flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Því samstarfsverkefni verður gerð skil í 4. kafla. Árangur straumlínustjórnunar er ótvíræður hjá stofnuninni en vinnu við endurskoðun verkferla og boðleiða er ólokið og mörg áhugaverð og krefjandi verkefni framundan á komandi árum.

Heimasíða stofnunarinnar var tekin til endurskoðunar með fjárstuðningi frá innanríkisráðuneytinu og á það miklar þakkir skildar fyrir. Starfsmenn Útlendingastofnunar unnu mikið þrekvirki á stuttum tíma og er afraksturinn notendavænni og skilmerkilegri heimasíða sem vonandi mun nýtast viðskiptavinum stofnunarinnar betur í framtíðinni. Nú er unnt að fylla út umsókn um dvalarleyfi og ríkisborgararétt á vefnum og prenta út en framtíðarverkefni er að umsóknir og umsóknarferli verði rafrænt. Leiðbeiningablöð og gátlistar eru vistaðir á heimsíðunni fyrir allar tegundir dvalar-, áritunar- og ríkisborgararéttarumsókna með það að markmiði að einfalda umsækjendum að skilja umsóknarferlið og fullnægja skjalakröfum. Vonir standa til þess að betri leiðbeiningar á heimasíðu leiði til færri endursendinga umsókna og að þannig verði málsmeðferðartími stytur enn frekar. Því markmiði verður þó ekki náð nema viðskiptavinir nýti sér heimasíðuna og þær leiðbeingar sem þar er að finna. Þess vegna er mikilvægt að fylgjast með og hvetja viðskiptavini til að nota heimasíðuna. Jafnframt er mikilvægt að tölfærð og leiðbeinandi upplýsingar séu aðgengilegar í netheimum og að almenningur sé upplýstur reglulega um framgang mála. Var endurgerð heimasíðunnar einn liður í því verkefni. Tölfærðiskil voru með mun reglubundnari hætti en verið hefur og er áætlað að árinu 2015 verði gefnar út ársfjórðungstölur auk ársskýrslu í maí/júní.

Aukning varð á fjölda umsókna á öllum sviðum stofnunarinnar og er þeirri aukningu gerð skil í köflum 2. til 4. Eitt af markmiðum stofnunarinnar er að stytta málsmeðferðartíma í öllum afgreiðslumálum, hvort sem um er að ræða dvalarleyfi, hæli, ríkisborgararétt eða áritanir. Miklar breytingar hafa átt sér stað í hælismálum á undanförunum árum og má það fyrst og fremst rekja til átaks innanríkisráðuneytisins í málaflokknum og þeim breytingum sem gerðar hafa verið á lagaumhverfi.

Á árinu gerði innanríkisráðuneytið samstarfssamning við Rauða kross Íslands (RKÍ) um málsvarnarhlutverk og þjónustu þeirra við hælisleitendur sem tók gildi 25. ágúst 2014. Meginefni samningsins er að RKÍ tekur að sér óháða og hlutlausa hagsmunagæslu fyrir hælisleitendur og veitir jafnframt félagslega þjónustu til þeirra sem þess óska. Einnig gerði innanríkisráðuneytið verksamning við embætti ríkislögreglustjóra um flutning erlendra ríkisborgara úr landi. Kærunefnd útlendingamála tók við verkefnasviði ráðuneytisins í árslok en að öðru leiti vísast til undirkafla 1.6, 2.5 og 4.5 um lagabreytingar á árinu.

Útlendingastofnun er enn undirmönnuð en þess er vænst að betri tímar séu framundan. Með þeim aukna fjölda starfsmanna sem fengist hefur sl. þrjú ár hafa miklar jákvæðar breytingar átt sér stað og tímabundin átaksverkefni ráðuneytisins í hælismálum hafa skilað marktækum árangri. Mikilvægt er að forstjóri haldi áfram að berjast fyrir þeim mannauði sem nauðsynlegur er stofnun sem þessari og tryggi að hér starfi nægilega margir sérfræðingar. Markmið í þjónustu og afgreiðslu þurfa að vera háleit og að þeim stefnt með mikilli einurð. Viðunandi þjónusta á ekki að líðast til lengri tíma heldur á hún að vera framúrskarandi og taka verður mið af því að margir viðskiptavinna stofnunarinnar koma úr erfiðu umhverfi og þurfa mikla aðstoð. Ekki má heldur gleyma mannauðnum sem þegar er til staðar. Nauðsynlegt er að hlúa að þeim starfsmönnum sem fyrir eru og að störf þeirra séu metin að verðleikum. Oft vill það gleymast að hjá stofnuninni starfar fólk sem fer eftir þeim lögum og reglum sem Alþingi og ráðuneyti hefur sett málaflokknum en það er skýrt markmið starfsmanna og stofnunarinnar að gera eins vel við viðskiptavinum og unnt er innan lagarammans.

Við gerð þessarar ársskýrslu lá fyrir að áttak í hælismálum yrði fram haldið á árinu 2015 en öllu skiptir að nægilega margar hendur séu til staðar til að vinna verkin. Þess er vænst að viðskiptavinir Útlendingastofnunar fái betri þjónustu á grundvelli þeirra breytinga sem átt hafa sér stað á undanförunum mánuðum og árum og þá er þess vænst að vinnuumhverfi starfsmanna verði jafnframt betra með auknum mannauði og betra upplýsingaflæði til almennings.

Reykjavík, 1. október 2015

Kristín Völundardóttir, forstjóri

EFNISYFIRLIT

Inngangur	1
Ávarp forstjóra.....	3
Yfirlit yfir starfsemi ársins 2014.....	7
Almennt	7
Þjónusta	7
Samstarf	7
Rekstur	7
Kjarnastarfsemi.....	11
1. Dvalarleyfi.....	11
1.1. Helstu flokkar dvalarleyfa.....	11
1.2. Fjöldi umsókna og veitinga.....	11
1.3. Synjanir	15
1.4. Afturköllun dvalarleyfis	16
1.5. Kærur til innanríkisráðuneytis	18
1.6. Lagabreytingar.....	18
2. Vegabréfsáritanir	18
2.1. Tegundir vegabréfsáritana	19
2.2. Fjöldi umsókna og veitinga.....	19
2.3. Synjanir	20
2.4. Kærur til innanríkisráðuneytis	20
2.5. Lagabreytingar.....	21
3. Ríkisborgararéttur	21
3.1. Fjöldi umsókna og veitinga.....	21
3.2. Lagabreytingar.....	22
4. Hæli	23
4.1. Fjöldi umsókna um hæli og umsóknir í vinnslu	23
4.2. Upprunaríki hælisleitenda	24
4.3. Niðurstöður mála í vinnslu árið 2014	26
4.4. Kærur til innanríkisráðuneytis	27

4.5.	Lagabreytingar	28
4.6.	Samstarf við Flóttamannstofnun Sameinuðu þjóðanna	28
	5. Frávísanir og brottvísanir	29
5.1.	Frávísanir	29
5.2.	Brottvísanir	29
	6. Ferðaskilríki og vegabréf.....	31
6.1.	Ferðaskilríki fyrir flóttamann.....	31
6.2.	Vegabréf fyrir útlending	31
	7. Samvinna við íslensk og erlend stjórnvöld og félagasamtök	32
7.1.	Innlent samstarf	32
7.2.	Erlent samstarf	33

Yfirlit yfir starfsemi ársins 2014

Almennt

Í upphafi árs störfuðu 31 einstaklingur hjá stofnuninni, þar af átta lögfræðingar í fastri stöðu, fjórir lögfræðingar í tímabundinni stöðu (á grundvelli átaks innanríkisráðuneytis og ríkisstjórnar í hælismálum en í febrúar bættust að auki við tveir lögfræðingar í átakið), níu sérfræðingar, 6 þjónustufulltrúar og þrír háskólanemar í hlutastarfi. Nýtt verkefni fluttist til stofnunarinnar með 1. gr. laga nr. 153/2014. Er því gerð skil í kafla 3.

Ekki var gerð sú krafa á stofnunina að draga saman í rekstri og var það vel, en sú ákvörðun ráðuneytisins og ríkisstjórnar byggði á því að verkefni stofnunarinnar hafa aukist ár frá ári án þess að mótframlag komi til að sinna þeim. Á sama tíma hafa útgjöld hælismála aukist umfram það sem eðlilegt má teljast vegna langs málsmeðferðartíma sem aftur orsakast af manneklu. Því var það mikið gleðiefni þegar tekin var ákvörðun um að átaki í hælismálum skyldi fram haldið út árið 2014.

Þjónusta

Viðskiptavinir stofnunarinnar geta lagt fram umsóknir um dvalarleyfi hjá öllum sýslumönnum landsins og Útlendingastofnun,¹ mætt þar í myndatöku og lagt fram öll þau gögn og vottorð sem stofnunin óskar eftir. Er þetta mikið hagræði fyrir viðskiptavinum.

Samstarf

Gott samstarf er við ýmsar stofnanir og félagasamtök. Útlendingastofnun vinnur náið með innanríkisráðuneyti, utanríkisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Vinnumálastofnun, ríkislögreglustjóra, lögregluembættum, sýslumannsembættum, Rauða krossi Íslands og Mannréttindaskrifstofu, svo eitthvað sé nefnt. Þá vinnur stofnunin náið með erlendum útlendingastofnunum og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna.

Rekstur

Almennur rekstur

Rekstrarhalli ársins var tæpar 2. millj.kr. en vegna rekstrarafgangs 2013 var fjárhagsstaða stofnunarinnar jákvæð um rúmar 4. millj.kr. Fjárframlag til stofnunarinnar var 254,457 millj.kr. Hér að neðan verður gerð nánari grein fyrir útgjöldum stofnunarinnar á árinu 2014 samanborið við fjárlagaárið 2013.

¹ Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu deilir einni starfsstöð af þremur með Útlendingastofnun og tekur því ekki á móti umsóknum um dvalarleyfi í Skógarhlíð 6.

Tafla 1. **Rekstur Útlendingastofnunar:** Skipting helstu rekstrarliða:

Tekjur		2013	2014	Breyting %
	Sértekjur	4.040.754	8.443.187 ²	108,95%
Gjöld:		178.510.218	195.153.437	9,32%
Sundurliðun	Dagvinna	129.313.441	139.046.041	7,53%
	Vaktaálag	9.312.511	9.553.251	2,59%
	Aukagreiðslur	4.488.400	4.221.770	-5,94%
	Yfirvinna	1.839.998	5.117.718	178,14%
	Launatengd gjöld	33.555.868	37.214.657	10,90%
Rekstur- annar:		67.214.807	70.229.873	4,49%
	Ferðir, fundir og akstur	3.774.218 ³	3.294.735 ⁴	-12,70%
	Rekstrarvörur	3.848.618	6.641.900	72,58%
	Aðkeypt þjónusta	41.820.079	47.184.552	12,83%
	Húsnæði	15.222.036	12.541.345	-17,61%
	Rekstrarkostnaður, eignakaup, tilfærslur o.fl.	2.549.856	567.341	-77,75%
Samtals:		245.725.025	265.383.310	8,00%
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag		241.684.271	256.940.123	6,31%
Ríkisframlag		248.900.000 ⁵	254.457.000 ⁶	2,23%
7,1 Gjöld umfram tekjur		7.215.729	-2.483.123	-134,41%
Staða í ársbyrjun		741.138	7.956.867	
Tekjujöfnuður ársins		7.215.729	-2.483.123	
Höfuðstóll í árslok		7.956.867	4.263.410	

² Ekki er um að ræða eiginlegar sértekjur heldur falla hér undir endurgreiðslur starfsmanna vegna útlagðs kostnaðar stofnunar vegna fæðis, endurgreiðslur annarra opinberra stofnana vegna reikninga sem stofnunin lagði út fyrir og endurgreiddur ferðakostnaður frá opinberum aðilum og alþjóðastofnunum.

³ Ferðakostnaður erlendis 2013 samtals kr. 3.156.793. Hluti þess kostnaðar er endurgreiddur eða kr. 212.577.

⁴ Ferðakostnaður erlendis 2014 samtals kr. 2.995.294. Hluti þess kostnaðar er endurgreiddur eða kr. 953.490.

⁵ Þar af 42,375 millj. vegna átaks í hælismálum, sjá neðanmálgrein 6.

⁶ Á fjárlögum 2014 var ákveðið að átaki í hælismálum yrði fram haldið og fékk stofnunin 40 millj.kr. Af þeirri fjárhæð fékk innanríkisráðuneytið 22,5 millj.kr. til ráðstöfunar.

Rekstur hælislíðar

Rekstrarhalli var rúmar 6 millj.kr. og rekstrarhalli ársins 2013 var rúmar 31 millj.kr. Höfuðstóll í árslok var neikvæður um rúmar 37 millj.kr. Skýring þess hversu háar fjárhæðir hafa farið í húsnæði og umönnun hælisleitenda sl. ár er mikil fjölgun umsókna. Langan tíma hefur tekið að fá nægilegt fjármagn til afgreiðslu mála sem nú hefur verið unnið bót á. Í ágúst 2014 var umhverfi og málsmeðferðarreglum breytt í þá átt að framvegis skulu umsóknir um hæli afgreiddar innan sex mánaða hjá stofnuninni. Því þurfti stofnunin að stöðva tímabundið afgreiðslu eldri mála svo unnt væri að vinna ný mál á grundvelli breytinganna. Strax í ársbyrjun 2015 voru ráðnir lögfræðingar til að ljúka eldri málum og er áætlað að þeirri vinnu verði lokið í júní 2015. Taka verður fram að í þeim fjárhæðum sem hér eru nefndar er ekki að finna útlagðan kostnað vegna starfa skipaðra talsmanna (innanríkisráðuneytið greiðir þann kostnað). Innanríkisráðuneytið gerði samning við embætti ríkislögreglustjóra (RLS) í maí 2014 um flutning á erlendum ríkisborgurum úr landi og er sá kostnaður nú gjaldfærður á hælislíðinn. Jafnframt gerði innanríkisráðuneytið samning í ágúst s.á. við Rauða kross Íslands um málsvarnarhlutverk þeirra í hælismálum og er kostnaður vegna þess samnings einnig gjaldfærður á líðinn.

Tafla 2. **Rekstur hælisliðar**: Skipting helstu rekstrarliða 2013 og 2014

Tekjur		2013	2014	Breyting %
Gjöld:			5.211.200	
Rekstur:		436.092.347	450.884.640	3,39%
	Ferðir og fundir	142.292	227.345	59,77%
	Aðkeypt þjónusta (Umönnunarkostnaður)	431.650.185	395.831.893 ⁷	-8,30%
	Aðkeypt þjónusta- RLS Flutningar úr landi		29.246.074	
	Aðkeypt þjónusta RKÍ		19.500.000	
	Rekstrarvörur		8.795	
	Túlkþjónusta og þýðingar	3.539.882	4.953.749	39,94%
	Rekstrarkostnaður, eignakaup, tilfærslur o.fl.	759.988	1.116.784	46,95%
Samtals:		436.092.347	450.884.640	3,39%
Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag		436.092.347	456.095.840	4,59%
Ríkisframlag		448.400.000	450.000.000	0,36%
7,1 Gjöld umfram tekjur		12.307.653	-6.095.840	-149,53%
Staða í ársbyrjun		-43.736.741	-31.429.088	
Tekjujöfnuður ársins		12.307.653	-6.095.840	
Höfuðstóll í árslok		-31.429.088	-37.524.928	

⁷ Greiðslur skiptast á milli tveggja sveitarfélaga, Reykjanesbæjar kr. 240.902.452 og Reykjavíkurborgar kr. 154.929.441.

Kjarnastarfsemi

Kjarnastarfsemi Útlendingastofnunar er; 1. Dvalarleyfi, 2. Vegabréfsáritanir, 3. Ríkisborgararéttur, 4. Hæli, 5. Frávísanir og brottvísanir, 6. Ferðaskilríki og vegabréf fyrir útlending og 7. Samvinna við íslensk og erlend stjórnvöld og félagasamtök. Stuttlega verður gerð grein fyrir hverju og einu sviði hér á eftir.

1. Dvalarleyfi


1.1. Helstu flokkar dvalarleyfa

Útlendingastofnun gefur út margar tegundir af dvalarleyfum ár hvert. Á myndum 2 og 3 má sjá fjölda umsókna og fjölda dvalarleyfa í hverjum flokki. Dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar er um 50% þeirra dvalarleyfa sem gefin voru út á árinu. Konur eru stærsti hluti þeirra sem sækja um og fá útgefin dvalarleyfi, eða um 48% umsækjenda (mynd 7).


1.2. Fjöldi umsókna og veitinga

Útlendingastofnun gaf út 2914 dvalarleyfi á árinu (mynd 1) en stofnunin tók á móti 3241 umsókn um dvalarleyfi (mynd 2).

Á mynd 4 má sjá ríkisföng og fjölda þeirra ríkisborgara sem fengu útgefin flest dvalarleyfi 2014. Á mynd 5 má sjá útgefin dvalarleyfi á grundvelli tímabundinnar atvinnuþátttöku til einstaklinga með ríkisfang utan EES eða EFTA .




Mynd 1: Útgefin dvalarleyfi frá 1990⁸.




Mynd 2. Móttækna umsóknir 2014 skipt eftir flokki.


⁸ Munur á fjölda útgefna leyfa fram til ársins 2009 og eftir það ár skýrist af því að 2009 fluttust umsóknir EES borgara frá Útlendingastofnun til Þjóðskrár.




Mynd 3. Útgefin dvalarleyfi 2014 skipt eftir flokki.




Mynd 4. Helstu þjóðerni sem fengu útgefin dvalarleyfi 2014.



Mynd 5. Útgefin dvalarleyfi vegna tímabundinnar atvinnuþátttöku 2003-2014.



Mynd 6. Skipting útgefinna dvalarleyfa eftir tilgangi dvalar 2013.




Mynd 7. Skipting útgefina dvalarleyfa eftir kynjahlutfalli 2014.


1.3. Synjanir

Útlendingastofnun synjar veitingu dvalarleyfis m.a. ef ekki er fullnægt þeim lagaskilyrðum sem fram koma í lögum nr. 96/2002 um útlendinga. Af 124 umsóknum sem var synjað voru 68 umsóknir sem ekki fullnægðu lagaskilyrðum (mynd 9).

Á árinu 2014 var 38 umsækjendum synjað um dvalarleyfi vegna synjunar Vinnumálastofnunar á útgáfu atvinnuleyfis, af þeim umsóknum voru 29 vegna skorts á vinnuafli (mynd 8).



Mynd 8. Flokkar dvalarleyfa og fjöldi sýnana 2014.




Mynd 9. Helstu forsendur sýnana dvalarleyfa 2014.


1.4. Afturköllun dvalarleyfis

Útlendingastofnun afturkallar dvalarleyfi og búsetuleyfi ef handhafi leyfis hefur við umsókn, gegn betri vitund, veitt rangar upplýsingar eða leynt atvikum sem hefðu getað haft verulega þýðingu við leyfisveitinguna eða ef ekki er lengur fullnægt skilyrðum fyrir veitingu dvalarleyfis eða búsetuleyfis eða það leiðir að öðru leyti af almennum stjórnsýslureglum. Á árinu 2014 voru 5 dvalarleyfi


afturkölluð (mynd 10), en það er fækkun frá fyrra ári (mynd 12). Mjög misjafnt er milli ára hvers eðlis þau dvalarleyfi eru sem stofnunin afturkallar (mynd 11).



Mynd 10. Flokkar afturkallaðra dvalarleyfa 2014.




Mynd 11. Ástæður afturköllunar dvalarleyfa 2014.



Mynd 12. Afturkölluð dvalarleyfi 2011-2014.

1.5. Kærur til innanríkisráðuneytis

Innanríkisráðuneytinu bárust 24 kærur vegna synjunar Útlendingastofnunar á útgáfu dvalarleyfis, sem er töluvert minni fjöldi en á árinu 2013 (38 kærur). Á árinu 2014 bárust 51 úrskurður frá innanríkisráðuneytinu vegna synjunar Útlendingastofnunar á útgáfu dvalarleyfis. Innanríkisráðuneytið staðfesti ákvörðun Útlendingastofnunar um synjun dvalarleyfis í 26 málum, 16 synjunum var hnekkkt og níu vísað aftur til meðferðar (mynd 13).



Mynd 13. Kærðar synjanir dvalarleyfa 2014; fjöldi afgreiddra kærumála í innanríkisráðuneytinu.

1.6. Lagabreytingar

Engin breyting varð á lagaumhverfi dvalarleyfa frá fyrra ári.

2. Vegabréfsáritanir


Ísland er aðili að Schengen-samstarfinu og eru vegabréfsáritanir unnar eftir þeim reglum sem tilheyra því samstarfi. Flestir geta ferðast til Íslands án vegabréfsáritunar og dvalið hér í landinu í allt að 90 daga sem ferðamenn. Þeir sem eru áritunaskyldir til Íslands geta sótt um vegabréfsáritun í sendiráði Íslands í Peking og Moskvu eða í sendiráðum/ræðisskrifstofum sem fara með fyrirsvar fyrir Íslands hönd í áritunarmálum. Í flestum tilfellum hafa sendiráðin og ræðisskrifstofurnar heimild til að veita áritanir án samráðs við Útlendingastofnun, en ef sendiráðin eru í vafa um t.d. trúverðugleika eða tilgang dvalar umsækjanda eru umsóknirnar sendar til Útlendingastofnunar sem tekur ákvörðun um veitingu eða synjun vegabréfsáritunar.

2.1. Tegundir vegabréfsáritana


Áritanir eru mismunandi eftir tilgangi og eru ferðamannaáritanir (C-áritun) veittar t.d. fyrir fjölskylduheimsóknir, viðskiptaheimsóknir, opinberar heimsóknir og til að ferðast og er gerð sú krafa að einstaklingurinn snúi aftur til síns heimalands. Einnig eru til áritanir til gegnumferðar um flughöfn (A-áritun), en þær hafa ekki verið gefnar út fyrir Íslands hönd.

2.2. Fjöldi umsókna og veitinga

Árið 2014 móttók Útlendingastofnun 626 umsóknir um áritun. Íslenska sendiráðið í Moskvu móttók 2639 umsóknir og íslenska sendiráðið í Peking móttók 1284 umsóknir (mynd 14). Útlendingastofnun gaf út 375 áritanir, sendiráðið í Moskvu gaf út 2606 áritanir og sendiráðið í Peking gaf út 1307 áritanir (myndi 15).



Mynd 14. Fjöldi umsókna um vegabréfsáritun 2014.




Mynd 15. Útgefnar vegabréfsáritanir 2014.

2.3. Synjanir

Útlendingastofnun synjar umsókn um vegabréfsáritun ef lagaskilyrðum er ekki fullnægt. Íslensk sendiráð hafa ekki slíka synjunarheimild og því senda sendiráðin í Moskvu og Peking allar umsóknir til Útlendingastofnunar sem talið er að þarfnist nánari skoðunar eða að þurfi að synja. Á árinu synjaði stofnunin 170 umsóknum um vegabréfsáritun.

2.4. Kærur til innanríkisráðuneytis

Innanríkisráðuneytinu bárust 16 kærur vegna synjunar Útlendingastofnunar um vegabréfsáritun á árinu. Innanríkisráðuneytið afgreiddi fimm mál og staðfesti ákvörðun Útlendingastofnunar í tveimur málum en vísaði þremur aftur til meðferðar til stofnunarinnar (mynd 16).



Mynd 16. Kærðar synjanir áritana 2014; fjöldi afgreiddra kærumála í innanríkisráðuneytinu.

2.5. Lagabreytingar


Engin breyting varð á lagaumhverfi áritana frá fyrra ári.

3. Ríkisborgararéttur

Útlendingastofnun annaðist móttöku og vinnslu umsókna um íslenskan ríkisborgararétt fyrir innanríkisráðuneytið frá 1. maí 2013 til 30. janúar 2014, en þá tók stofnunin alfarið við málaflokknum (sjá undirkafla 3.1)

3.1. Fjöldi umsókna og veitinga

Útlendingastofnun móttók 959 umsóknir er varða íslenskan ríkisborgararétt, þar af voru 104 umsóknir einstaklinga⁹ lagðar fyrir allsherjar- og menntanálanefnd Alþingis. Stofnunin afgreiddi 911 umsóknir og fengu 690 einstaklingar íslenskan ríkisborgararétt, 70 einstaklingar fengu lausn frá íslensku ríkisfangi og 151 umsókn var synjað (mynd 17). Þar af veitti allsherjar- og menntamálanefnd 57 einstaklingum íslenskan ríkisborgararétt en synjaði í 47 málum.



Mynd 17. Afgreiðsla umsókna er varða íslenskan ríkisborgararétt.

⁹Börn erlendra ríkisborgara sem búsett eru hérlendis þegar foreldri/foreldrar sækja um íslenskan ríkisborgararétt fyrir Alþingi hafa ekki sjálfstæða umsókn og fylgja niðurstöðu umsóknar foreldris/foreldra. Því er ekki fyrirbyggjandi hversu mörg börn öðluðust íslenskan ríkisborgararétt með ákvörðun Alþingis.

3.2. Lagabreytingar

Breyting var gerð á lögum nr. 100/1952 um íslenskan ríkisborgararétt með lögum nr. 145/2013 er tóku gildi 1. febrúar 2014. Breytingarnar er að finna í 1. – 7. gr. laganna og eru í meginatriðum tvíþættar: Annars vegar 1. og 7. gr. sem færa afgreiðslu umsókna frá innanríkisráðuneyti til Útlendingastofnunar frá og með 1. febrúar 2014 og ný kæruleið til ráðuneytisins á þeim ákvörðunum stofnunarinnar sem teknar eru á grundvelli laganna og hins vegar 2. gr. sem felur í sér breytingu á 2. gr. a og er ætlað að skýra betur út réttarstöðu erlendra barna sem ættleidd eru af íslenskum ríkisborgara.

4. Hæli

Segja má að umsóknir um hæli falli í tvo flokka. Annars vegar eru það umsóknir sem falla undir ákvæði Dyflinnarreglugerðarinnar¹⁰ og hins vegar umsóknir sem teknar eru til efnislegrar meðferðar. Þegar umsókn um hæli er lögð fram er fyrst kannað hvort umsóknin falli undir ákvæði Dyflinnarreglugerðarinnar, en það felur í sér að annað aðildarríki þeirrar reglugerðar beri ábyrgð á meðferð umsóknar um hæli. Er umsækjandi þá endursendur til þess aðildarríkis og ekki tekin afstaða til þess hér á landi hvort viðkomandi teljist flóttamaður í skilningi íslenskra laga. Sé niðurstaðan hins vegar sú að Ísland beri ábyrgð á meðferð umsóknarinnar er hún tekin til efnismeðferðar hjá Útlendingastofnun sem felur í sér að tekin er efnisleg afstaða til þess hvort umsækjandi sé flóttamaður. Verði niðurstaða Útlendingastofnunar sú að umsækjandi eigi ekki rétt á að teljast flóttamaður tekur stofnunin til skoðunar hvort hann eigi rétt á dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða, en þar undir geta fallið einstaklingar sem þurfa á annars konar vernd að halda eða persónulegir hágir þeirra eru með þeim hætti að rétt sé að veita þeim dvalarleyfi.

Útlendingastofnun vinnur náið með ýmsum opinberum aðilum sem eiga aðkomu að málefnum hælisleitenda og má þar nefna lögreglu og félagsþjónustu. Umsóknir um hæli eru bornar fram hjá lögreglu sem jafnframt annast fyrstu skýrslutöku og rannsókn. Hælisleitendum er boðið að dveljast hér á landi á framfæri Útlendingastofnunar og er stofnunin með samning við félagsþjónustu Reykjanesbæjar og Reykjavíkurborgar sem annast hælisleitendur á meðan á vinnslu málum þeirra stendur. Þá á Útlendingastofnun einnig mikið og gott samstarf við Rauða kross Íslands sem sinnir málefnum hælisleitenda og flóttamanna hér á landi í samstarfi við Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR).


4.1. Fjöldi umsókna um hæli og umsóknir í vinnslu

Útlendingastofnun móttók 175 umsóknir um hæli á árinu sem var álíka fjöldi hælisumsókna og árið 2013 (mynd 18). Jafnframt var ein umsókn enn í vinnslu frá árinu 2011 og níu umsóknir frá 2013. Í lok árs 2014 voru samtals 82 umsóknir um hæli í vinnslu hjá stofnuninni, þar af 72 frá árinu 2014. (mynd 19).

¹⁰ Reglugerð ráðsins nr. 343/2003/EB um það hvaða ríki beri ábyrgð á umfjöllun um beiðni um hæli sem lögð er fram í einhverju aðildarríkja hennar (Dyflinnarreglugerðin, Stj.tíð. C 14/2003). Ísland gerðist aðili að Dyflinnarsamstarfinu með samningi milli Evrópubandalagsins og lýðveldisins Íslands og konungsríkis Noregs frá 19. janúar 2001, um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi, öðlaðist gildi 1. apríl 2001 (Stj.tíð. C 3/2001).



Mynd 18. Móttæknar umsóknir um hæli 2010-2014.




Mynd 19. Umsóknir um hæli til vinnslu hjá Útlendingastofnun 2014.

4.2. Upprunaríki hælisleitenda


Á mynd 20 má sjá hvaðan hælisleitendur komu á árinu 2014. Samkvæmt framburði hvers og eins komu þeir frá 45 upprunaríkjum, en með því er átt við það ríki sem viðkomandi gefur yfirvöldum

upp sem sitt heimaríki. Í einhverjum tilvikum er ekki unnt að sannreyna ríkisfang viðkomandi hælisleitanda og þá gerist það einnig að hælisleitandi breyti framburði sínum varðandi upprunaríki.



Mynd 20. Upprunaríki þeirra sem sóttu um hæli 2014.


Stærstur hluti umsækjanda var karlkyns, alls 62% af 175 umsækjendum (mynd 21).



Mynd 21. Skipting umsækjenda um hæli eftir kyni árið 2014.

4.3. Niðurstöður mála í vinnslu árið 2014

Afgreiðslu umsóknar um hæli hjá Útlendingastofnun getur lokið á nokkra mismunandi vegu. Þannig getur máli lokið með því að tekin er ákvörðun á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar eða með því að umsókn er afgreidd með efnislegri ákvörðun. Ef ákvörðun er efnisleg getur henni lokið með því að viðkomandi fær hæli, dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða með því að viðkomandi er synjað og honum gert að yfirgefa Ísland. Á hverju ári er ávallt nokkur fjöldi hælisleitenda sem dregur umsókn sína til baka eða lætur sig hverfa á meðan umsókn er til meðferðar. Stofnunin afgreiddi 131 umsókn með ákvörðun en af þeim fengu 74 mál efnismeðferð og 57 mál voru afgreidd á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Í árslok voru 82 mál enn til vinnslu hjá stofnuninni en 22 umsækjendur hurfu eða drógu umsókn sína til baka. Á mynd 22 má sjá hvernig mál voru afgreidd.



Mynd 22. Niðurstöður umsókna um hæli 2014.

Af þeim málum sem lauk á grundvelli efnismeðferðar, þ.e. þar sem tekin var afstaða til þess hvort viðkomandi ætti rétt á vernd eða mannúðarleyfi hér á landi, var leyfi veitt í 58% mála. Eru þá undanskilin mál sem lauk á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar og mál þar sem umsókn var dregin til baka eða viðkomandi lét sig hverfa.

4.4. Kærur til innanríkisráðuneytis

Kærur til innanríkisráðuneytis vegna ákvarðana um umsóknir um hæli voru 164 talsins. Ráðuneytið úrskurðaði í 56 málum en sjö einstaklingar drógu kæru sína til baka. Innanríkisráðuneytið staðfesti niðurstöðu Útlendingastofnunar í 54 málum en tveimur synjunum var hnekk og vísað aftur til meðferðar hjá stofnuninni.

4.5. Lagabreytingar

Í byrjun árs 2014 tók gildi endurútgæfin reglugerð á grundvelli Dyflinnarsamstarfsins, þ.e. reglugerð Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 604/2013 frá 26. júní 2013 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram í einu aðildarríkjana. Gerðin er betur þekkt sem „Dublin III“. Með breytingum á gerðinni var stefnt að því að tryggja betur réttindi hælisleitenda sem undir hana falla, m.a. rétt til fjölskyldusameiningar, rétt til leiðbeininga og rétt fylgdarlausra ungmenna. Einnig voru gerðar breytingar til að skýra skyldur aðildarríkja ásamt því að tryggja betra samstarf m.a. með því að koma á skyldu til að upplýsa um heilsufarsaðstæður hælisleitenda við flutninga á milli ríkja.

Þær breytingar voru gerðar á lögum um útlendinga á árinu að komið var á fót kærunefnd útlendingamála, sem tók til starfa 1. janúar 2015. Frá og með 1. janúar munu hælisleitendur því geta kært niðurstöður til kærunefndarinnar í stað innanríkisráðuneytis.

4.6. Samstarf við Flóttamannstofnun Sameinuðu þjóðanna

Árið 2013 var ákveðið í samráði við Flóttamannstofnun Sameinuðu þjóðanna að hefja svo kallað „LEAN Quality Initiative“ samstarfsverkefni. Verkefnið felur í sér að Flóttamannstofnun rýnir bæði verklag og ákvarðanir Útlendingastofnunar í hælismálum með það að markmiði að greina veikleika og leggja til úrbætur. Var verkefninu tvískipt og í fyrri hluta þess var litið til verklags og verkferla frá því að umsókn um hæli er móttækin hjá lögreglu og einnig til móttöku hælisleitenda. Síðari hluti verkefnisins snéri að framkvæmd viðtala hjá Útlendingastofnun og gæðum ákvarðana stofnunarinnar.

Verkefnið byggir á sambærilegum verkefnum sem Flóttamannstofnun hefur unnið m.a. með sænsku útlendingastofnuninni (Migrationsverket). Við verkefnið er byggt á aðferðarfræði straumlínustjórnunar (LEAN) og markmiðið er að bæta vinnslu og meðferð hælismála til að ná fram sanngjarnari og skilvirkari meðferð.


Að verkefninu koma bæði fulltrúar Flóttamannastofnunar og starfsmenn Útlendingastofnunar. Sú rýnivinna sem farið hefur fram hefur þegar skilað sér í breyttu verklagi hjá Útlendingastofnun og má segja að fyrirmælum innanríkisráherra um 90 daga málsmeðferð í hælismálum sem sett voru frá og með 25. ágúst 2014 hefði vart verið náð nema fyrir tilstilli þessa verkefnis.

Ávallt er svigrúm til umbóta og því mun rýnivinna halda áfram innan stofnunarinnar, þrátt fyrir að verkefninu sé að ljúka en gert er ráð fyrir að niðurstöður beggja þátta verkefnisins verði birtar haustið 2015.

5. Frávísanir og brottvísanir

5.1. Frávísanir

Útlendingastofnun er heimilt að vísa erlendum ríkisborgara frá Íslandi ef hann fullnægir ekki þeim komuskilyrðum sem eru í útlendingalögum. Á árinu var átta erlendum ríkisborgurum vísað frá landi,¹¹ sem er aukning frá árinu 2013 (mynd 23). Flestar ástæður frávísunar varða brot á útlendingalögum.




Mynd 23. Frávísun 2011-2014.


5.2. Brottvísanir

Á hverju ári vísar Útlendingastofnun nokkrum fjölda erlendra ríkisborgara brott af landinu. Á árinu 2014 voru þetta 32 einstaklingar. Ýmsar ástæður geta verið fyrir brottvísun en algengast er að viðkomandi hafi framið afbrot og hlotið dóm (mynd 24). Þegar brottvísun er ákvörðuð fylgir henni endurkomubann, annað hvort í tiltekinn tíma eða að fullu og öllu. Lengd endurkomubanns ræðst af einstaklingsbundnum þáttum og því er mjög misjafnt hversu langt endurkomubann er ákvarðað. Þó er endurkomubanni markaður sá lágmarkstími að ríkisborgarar sem tilheyra EES- eða EFTA ríki fá ekki styttra endurkomubann en tvö ár, aðrir fá ekki styttra endurkomubann en þrjú ár. Þó nokkur fækkun brottvísana varð frá því á síðasta ári (mynd 25).

¹¹ Heimild til frávísunar er hjá lögreglu og Útlendingastofnun. Þær tölur sem hér koma fram varða eingöngu ákvarðanir um frávísun sem teknar eru af stofnuninni.



Mynd 24. Ástæður brottvísana 2014.



Mynd 25. Fjöldi brottvísana 2011-2014.

6. Ferðaskilríki og vegabréf


Útlendingastofnun gefur út ferðaskilríki fyrir flóttamann og vegabréf fyrir útlending. Heimild til útgáfu og skilyrði er að finna í lögum um útlendinga og reglugerð um útlendinga. Óheimilt er að ferðast til heimaríkis eða upprunaríkis á grundvelli flóttmannavegabréfs eða vegabréfs fyrir útlending nema ríkar sanngirnisástæður mæli með því.

6.1. Ferðaskilríki fyrir flóttamann

Skilyrði þess að ferðaskilríki flóttamanns sé gefið út er að hælisleitandi sé viðurkenndur sem flóttamaður héraðs og hafi dvalarleyfi því til staðfestingar. Flóttamaður sem hefur ferðaskilríki útgefið af Útlendingastofnun getur ferðast til allra ríkja Evrópusambandsins auk flestra annarra ríkja. Gefin voru út 43 skilríki fyrir flóttamann á árinu (mynd 26).

6.2. Vegabréf fyrir útlending

Útlendingur sem fær dvalarleyfi á grundvelli umsóknar um hæli (fullnægir ekki skilyrðum þess að fá veitt hæli) getur fengið vegabréf fyrir útlending ef hann sannar að hann geti ekki fengið útgefið vegabréf frá sínu heimaríki. Í undantekningartilvikum gefur Útlendingastofnun út vegabréf fyrir útlending sem dvelur hér löglega en getur ekki, vegna aðstæðna sem ekki varða hann sjálfan, fengið vegabréf frá sínu heimaríki. Gefin voru út 16 vegabréf fyrir útlending á árinu (mynd 26).



Mynd 26. Fjöldi útgefna vegabréfa útlendinga og ferðaskilríkja 2014.

7. Samvinna við íslensk og erlend stjórnvöld og félagasamtök

7.1. Innlent samstarf

Útlendingastofnun starfar náið með lögreglu landsins. Samstarfið er aðallega við embætti ríkislögreglustjóra, lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, lögregluna á Suðurnesjum og lögregluna á Seyðisfirði. Útlendingastofnun situr í starfshóp með embætti ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og lögreglustjórans á Suðurnesjum. Umboð starfshópsins kemur frá innanríkisráðuneytinu og er verksvið hópsins margþætt. Hópurinn hittist mánaðarlega. Samstarf við önnur lögregluembætti er minna en þó með góðu móti.

Útlendingastofnun og dómsmálaráðuneytið (nú innanríkisráðuneytið) gerðu samning við Reykjanesbæ um umönnun hælisleitenda hinn 12. febrúar 2004. Samkvæmt samningnum sinnir félagsþjónusta Reykjanesbæjar umönnun hælisleitenda á grundvelli beiðni sem berst frá Útlendingastofnun, eftir að útlendingur hefur sótt um hæli hérlendis. Reykjanesbær sér um að útvega húsnæði, fæði, læknaaðstoð og afþreyingu en kostnaður vegna þessa er greiddur af Útlendingastofnun. Félagþjónusta Reykjanesbæjar ber ábyrgð á að húsnæði sé til staðar fyrir hælisleitendur og hefur gert samning um leigu á hluta rýmis gistiheimilisins Fit og þá gerir félagsþjónustan leigusamninga um íbúðir fyrir fjölskyldur þegar það á við. Útlendingastofnun og Rauði kross Íslands hafa eftirlitshlutverk með því að fyrrgreint húsnæði og aðbúnaður hælisleitenda sé viðunandi. Mjög gott samstarf er með félagsþjónustunni og Útlendingastofnun en á árinu voru haldnir mánaðarlegir fundir, þar sem farið var yfir þarfir hælisleitenda, stöðu þeirra og aðbúnað. Störf félagsþjónustunnar í Reykjanesbæ er snúa að aðbúnaði og umönnun hælisleitenda eru til fyrirmyndar.

Undirritaður var samningur við Reykjavíkurborg um umönnun hælisleitenda hinn 20. desember 2013. Samningurinn tók gildi 1. janúar 2014. Hinn 13. janúar 2014 var undirritaður samskonar samningur við Reykjanesbæ sem tók þá þegar gildi.

Rauði kross Íslands sinnir málsvarnarhlutverki f.h. hælisleitenda sem þess óska hvað varðar aðbúnað þeirra og veitta þjónustu ríkisins. Sinnir Rauði krossinn þessu hlutverki mjög vel. Rauði krossinn gerir árlega úttekt á því húsnæði sem hælisleitendur búa í og snýr sú úttekt bæði að aðbúnaði og öryggi hælisleitenda. Útlendingastofnun og Reykjanesbær fá niðurstöður úttektarinnar og er farið eftir þeim ábendingum sem þar koma fram um leið og færi gefst.

Útlendingastofnun vinnur að ýmsum umbótaverkefnum í umboði og á vegum innanríkisráðuneytisins. Á starfsárinu 2014 bar hæst vinna þverpólítískrar þingmannanefndar sem hefur það að markmiði að endurskoða lög um útlendinga. Nefndin hefur verið í talsverðu samstarfi við sérfræðinga Útlendingastofnunar og er stefnt að því að leggja nýtt frumvarp til útlendingalaga fyrir á haustþingi 2015.

Útlendingastofnun er með fulltrúa í stýrihópi innanríkisráðuneytisins í mansalsmálum. Stýrihópurinn vinnur samkvæmt áætlun ríkisstjórnar Íslands um aðgerðir gegn mansali.

Útlendingastofnun vinnur einnig náið með Vinnumálastofnun og Þjóðskrá og eru samskipti tíð. Þá vinnur stofnunin með ráðuneytum, undirstofnunum ráðuneyta, sveitarfélögum, félagasamtökum og sjálfseignarstofnunum.

Útlendingastofnun þakkar innanríkisráðuneytinu, öllum ofangreindum aðilum auk Mannréttindaskrifstofu Íslands, Fjölmeningarsetri og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar gott samstarf.

7.2. Erlent samstarf

Norðurlandasamstarf

Útlendingastofnun tekur þátt í norrænu samstarfi vegna málefna útlendinga. Hér er aðallega um að ræða samvinnu útlendingastofnana á Norðurlöndunum í formi árlegra funda forstjóra þessara stofnana. Hvert Norðurlandanna heldur einn fund annað til þriðja hvert ár. Einn fundur var sóttur.

Útlendingastofnun tekur þátt í norrænu samstarfi í formi nefndavinnu sömu aðila vegna einstakra málaflokka. Nefndirnar eru fimm og tveir fundir haldnir árlega í hverri nefnd. Útlendingastofnun tekur ekki þátt í öllu nefndarstarfi en sinnir Nordic Dublin samstarfiinu. Tveir fundir voru haldnir í þeirri nefnd, þar af einn héraendis.

Fulltrúi Útlendingastofnunar fundar árlega með fulltrúum Norðurlandanna vegna fyrirvars sendiráða þeirra fyrir hönd Íslands í útgáfu vegabréfsáritana til Íslands. Hvert Norðurlandanna heldur einn fund annað til þriðja hvert ár. Einn fundur var sóttur.

Útlendingastofnun tekur þátt í samvinnu ráðuneyta og undirstofnana á Norðurlöndunum í formi árlegra funda. Hvert Norðurlandanna heldur einn fund annað til þriðja hvert ár. Einn fundur var sóttur.

Evrópusamstarf

Stofnunin tekur þátt í Evrópusamstarfi forstjóra útlendingastofnana í Evrópusambandinu (GDISC¹²). Þátttakan fer fram með fundasókn á aðalfund forstjóra útlendingastofnana Evrópusambandsins, umsóknarríkja sambandsins, Íslands, Noregs og Sviss. Fundirnir eru ætlaðir til að efla samvinnu systurstofnana vegna hælismála og vegna erlendra ríkisborgara sem búsettir eru í Evrópuríkjum. GDISC heldur árlega námskeið og endurmenntun fyrir starfsmenn útlendingastofnana í Evrópu. Einn fundur og eitt námskeið var sótt.

Stofnunin tekur þátt í Evrópusamstarfi tengiliðanefndar Dyflinnarsamstarfsins (Dublin Contact Committee). Fundarsókn er greidd af innanríkisráðuneytinu. Tveir fundir voru sóttir.

¹² General Director's Immigration Services Conference, www.gdisc.org.

Útlendingastofnun starfar með FRONTEX (European Agency for the Management of Operation Cooperation at the External Borders of the Member States) og sinnir fundarsókn í FRAN (Frontex Risk Analysis Network). Kostnaður vegna þeirrar fundarsóknar er greiddur af FRONTEX. Þrír fundir voru sóttir.

Útlendingastofnun ber ábyrgð á ýmsum nefndum tengdum Schengen-samstarfinu, bæði nefndum vegna vegabréfsáritana, dvalarleyfa og hælisleitenda og nefndum tengdum lagasetningu vegna sömu málaflokka. Engir fundir eru sóttir vegna þessara nefnda utan þess að fulltrúi stofnunarinnar mætir á einn til tvo fundi vegna vegabréfsáritana ár hvert, í því skyni að glata ekki tengslum við nefndina, en fundir eru haldnir mánaðarlega í Brussel. Fundasókn er ákveðin í samráði við innanríkisráðuneytið sem samþykkir og greiðir kostnað vegna þessara funda. Stór verkefni hófust á árinu og voru þrír fundir sóttir.

Utan framanritaðs annaðist Útlendingastofnun tvívegis fundarsókn fyrir hönd innanríkisráðuneytisins á vettvangi Evrópusamstarfs.

Alþjóðasamstarf

Útlendingastofnun starfar með Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna sem hefur skrifstofu í Stokkhólmi. Fulltrúi þeirrar skrifstofu kemur reglulega í heimsókn til Íslands. Flóttamannastofnun kom í tvær heimsóknir á árinu. Í kafla V er heimsóknum Flóttamannastofnunar gerð skil.